

68

12. maí

ERINDISBRÉF**fyrir skólustjóra.****1. gr.**

Skólustjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og foreldrum eða aðstandendum þeirra. Hann stjórnar allri starfsemi skólans eftir þeim lögum og reglum, er þar um gilda á hverjum tíma, og ber ábyrgð á henni gagnvart skólanefnd og fræðslumálastjórn.

2. gr.

Skólustjóri skal hafa ákveðinn viðtalstíma fyrir almenning og haga þeim tíma þannig, að sem minnst truflun verði á skólastarfinu.

3. gr.

Skólustjóri skiptir störfum með kennurum við kennslu og eftirlit og umsjón í skóla og á leiksviði. Hann semur stundatöflur og skipar börnunum í deildir. Gæta skal hann þess, að þessum atriðum verði þannig hagað, að árangur af skólastarfinu megi verða sem bestur.

Skólustjóri sér um undirbúning og framkvæmd árlegra prófa. Ennfremur lítur hann eftir því, að kennarar færi skipulega dagbækur og nemendaskrár deildanna og annast að öðru leyti um bókhald skólans, skýrslugerðir og því um líkt, eftir því sem fyrir er mælt af fræðslumálastjórn og skólanefnd.

4. gr.

Skólustjóra ber að gera skólanefnd aðvart þegar endurbóta eða aðgerða er þörf á skólahúsi, húsbúnaði eða kennslutækjum. Ef um nýbyggingu er að ræða, skal hann vera með í ráðum um alla tilhögun. Skólustjóri hefir umráðarétt yfir öllum innastokksmunum skólans, áhöldum og söfnum og getur þó ekki ráðstafað þeim á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins. Hann hefir og fullan umráðarétt yfir skólahúsi til afnota fyrir skólabörn. Hann hefir etirlit og umsjón með að hitun, lýsing og ræsting sé í lagi.

5. gr.

Skólustjóra er skylt að kynna sér daglegt starf kennara og árangur þess á þann hátt, sem hann telur best henta. Þá skal hann og gera sér far um að veita kennurum allt það lið, sem hann má, með ráðum og leiðbeiningum, og þá einkum ungum og óreyndum kennurum. Ef skólustjóri telur að einhver kennari sé ekki starfi sínu vaxinn sakir elli eða vanheilsu eða af öðrum ástæðum, ber honum að tilkynna það skólanefnd og fræðslumálastjórn og rökstyðja mál sitt. Jafnframt skal hann gera hlutaðeigandi kennara grein fyrir tilkynningu þessari og tilefni hennar.

6. gr.

Skólustjórar eru skyldir að kenna í skóla sínum þann tíma er skóli starfar, sem hér segir:

Í skóla með	1 kennara	30 std. á viku
— — —	2 —	27 — — —
— — —	3 —	24 — — —
— — —	4—5 —	21 — — —

Í skóla með	6—8 kennara	18 std. á viku
— — —	6—8 —	18 — — —
— — —	9—11 —	15 — — —
— — —	12—15 —	12 — — —
— — —	16—19 —	9 — — —
— — —	20 o. fl. —	6 — — —

68

12. maí

Skólástjóri er ekki talinn með í þessari kennaratölu.

Heimilt er skólanefnd í samráði við fræðslumálastjóra að leysa skólástjóra frá þessari kennsluskyldu að einhverju leyti, þegar þess er talin þörf vegna annara starfa hans við skólann.

7. gr.

Ef kennari vanrækir starf sitt, eða gerir sig sekan um vítavert athæfi, er skólástjóra skylt að tilkynna það skólanefnd og fræðslumálastjórn. Sé ekki um mjög alvarlegt brot að ræða, skal hann fyrst ræða málið við hlutaðeigandi kennara, og leitast þannig við að bæta úr misfellum. Beri það ekki árangur, skal skólástjóri leggja málið fyrir skólanefnd og fræðslumálastjórn. Ef skólástjóri kærir misfellur á starfsemi eða framferði kennara, skal hann ávallt tilkynna það hlutaðeigandi kennara jafnframt, og gera grein fyrir ástæðum.

8. gr.

Skólástjóra er skylt, þegar fræðslumálastjórn eða skólanefnd óskar þess, að gera grein fyrir því, hvernig hver einstakur kennari innir starf sitt af hendi.

9. gr.

Skólástjóra er heimilt að veita kennurum leyfi frá störfum allt að þrem dögum samtals á skólaári. Sé um lengri leyfi að ræða, þarf samþykki skólanefndar. Til skólástjóra skal sækja um undanþágu fyrir börn frá skólavist um stundarsakir af öðrum ástæðum en veikindum.

Heimilt er skólástjóra, í samráði við skólanefnd, að veita börnum undanþágu frá skólavist eftir 1. maí vegna sumarvaxar eða sumarstarfs, enda sé kunnáttu barnsins og aðrar ástæður því ekki til fyrirstöðu.

10. gr.

Skólástjóri hefir rétt til að víkja barni úr skóla um stundarsakir, ef það gerist brotlegt, en skólanefnd ákveður um brottvísun þeirra barna að fullu og öllu, sem að dómi skólástjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir síðleysis eða einstakrar óhlýðni.

11. gr.

Skólástjóri skýtur þeim málum skólans til barnaverndarnefndar, sem undir nefndina heyra, og gerir tillögur um ráðstafanir á vandræðabörnum eða hjálparþurfa.

12. gr.

Skólástjóri á sæti á skólanefndarfundum og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

13. gr.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólástjóra um umsækjendur um kennarastöður. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólástjóra og skólanefndar, er skólástjóra heimilt að gera tillögur um kennaraval til fræðslumálastjórnarinnar, enda fylgi þeim rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólástjóri í samráði við skólanefnd.

68

12. maí

14. gr.

Dyraverði og starfsfólk allt við skóla, annað en kennaralið, ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólustjóra. Skal skólustjóri líta eftir, að starfsfólk leysi störf sín vel og samvirkusamlega af hendi.

15. gr.

Skólustjóri gerir, þegar þörf krefur, í samráði við skólalækni og barnaverndarnefnd, tillögur til skólanefndar um almennar hreinlætis- og heilbrigðisráðstafanir í skólum (t. d. matar-, lýsis eða mjólkurgjafir).

16. gr.

Nú verður ágreiningur milli skólustjóra og annara aðilja um ákvæði þessa erindisbréfs, og skal þá leita úrskurðar fræðslumálastjórnarinnar.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 94 23. júní 1936.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

69

15. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 73 31. des. 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Í stað orðanna: „eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna“ í lok 1. mgr. 5. gr. komi: greiðslum erlendis í þarfir bankanna eða greiðslum erlendis fyrir vörum, sem heimilt er að flytja til landsins án leyfis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, samkvæmt 8. lið 12. gr., enda séu bönkunum afhent innflutningsvottorð um vörur þessar staðfest af tollstjóra, nema um sé að ræða greiðslur gegn farmskirteinum.

2. gr.

Eftir 7. lið í 12. gr. komi nýr liður, 8. liður, svo hljóðandi: Rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, hrísgrjón, bankabygg, kol, salt, brennsluolíur, smurningsolíur, benzín, hessian, tóma strigapoka, prentaðar bækur, blöð, timarit.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.